

Blóðþáttinn vantar!

Nýlega sendi Sálin hans Jóns míns (Ólafssonar) frá sér sína fyrstu breiðskífu og er það Steinar hf. sem gefur hana út. „Þessir fimm ofurhressu kappar bera sálarheill þjóðarinnar fyrir brjósti og leggja sig í lima við að örva gleðstrauma meðal landa sinna með leik og söng“ (úr fréttatilkynningu). Einnig segir í þessari sömu fréttatilkynningu að platan sé kjörinn gleðigjafi fyrir þá sem vilja stunda músiklegar sálarannsóknir á andlegu eða líkamlegu sviði. Hér er semsagt komin hljómsveit sem reynir að skapa stemningu sem kennd er við bandaríska soul-tónlist. Sálina skipa þeir Jón Ólafsson (píanó, orgel, bakraddir), Rafn Jónsson (trommur, bakr.), Guðmundur Jónsson (gítar, bakr.), Haraldur Þorsteinsson (bassi) og júróvísjón-

kempan okkar Stefán Hilmarsson, sem er aðalraddari Sálarinnar. Að mínu mati er það líka hjá Stefáni sem hnífurinn stendur í kúnni eða réttara sagt sálinni því frammistaða hans á plötunni er alls ekki nógu góð. Í fyrsta lagi hefur hann ekki þá miklu rödd sem sálaröngvari þarf að hafa þannig að söngurinn verði áheyrilegur. Í öðru lagi beitir hann röddinni þannig að oft á tíðum er hræðilegt að hlusta á manninn, eins og til dæmis í laginu Alveg hamstola, þar sem meirihluti söngsins er bara væl og skrækir. En ég held að sökin liggji ekki bara hjá Stefáni sjálfum heldur hjá hljómsveitinni allri, því hún sá um upptökustjórn og útsetningar. Góður upptökustjóri hefði sennilegast tekið öðruvísi og líklega betur á hlutunum.

Syngjandi sveittir inniheldur átta



lög, fjögur íslensk og fjögur útlend. Þau íslensku heita; A tjá og tundri, Kanínin (10 ára gamalt lag, samið og flutt af ísfrisku hljómsveitinni Yr meðan hún var og hét), Syngj-

andi sveittir og Alveg hamstola. En þau útlendu heita Louie, Louie, When a Man Loves a Woman (inni-heldur gott gítarsóló Guðmundar gítarleikara) Mercy, Mercy og Show

Me. Þess má geta að útlenda hliðin er tekin upp á dansiböllum með Sálinni á Hótel Akranesi og í Blókkjallaranum.

En hvor hliðin er nú betri? Ég hallast að þeirri útlendu, því á henni ber minna á leiðindasöngkvillum Stefáns, en aftur á móti heyrir maður smáfeilpúst í hljóðfæraleik á stöku stað. Því er hinsvegar ekki fyrir að fara á íslensku hliðinni þar sem hér eru mjög sjóadír spilarar á ferð. Hvernig sem Sálinni tekst að semja lög í sálarstil (sem eru einungis þrjú, vel að merkja) þá held ég að þeir sleppi bara sæmilega frá því miðað við að þeir eru allir snjöhvítir Íslendingar og blóðþáttinn vantar algerlega.

Að visu er Jón Ólafsson hressilega krullhærður, en það virðist ekki duga til. Ég er hræddur um að næsta plata frá Sálinni hans Jóns míns verði að vera miklu betri til að hlustendur lendi ekki í meiriháttar sálarþrengingum.

GHA